

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — desember 2019

Skráð atvinnuleysi var 4,3 % í desember

Skráð atvinnuleysi í desember mældist 4,3% og jókst um 0,2 prósentustig frá nóvember.

Að jafnaði voru 8.019 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í desember og fjölgaði um 402 frá nóvember. Alls voru 3.173 fleiri á atvinnuleysissskrá í desember 2019 en í desember árið áður.

Alls voru 4.606 karlar að jafnaði atvinnulausir í desember og 3.413 konur og var atvinnuleysi 4,4% meðal karla og jókst um 0,2 prósentustig og 4,2% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig frá nóvember.

Atvinnuleysi jókst alls staðar nema á Vestfjörðum þar sem það minnkaði lítilsháttar. Atvinnuleysi var langmest á Suðurnesjum í desember eða 8,7% og jókst um 0,3 prósentustig milli mánaða. Næstmest var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða 4,4% og 3,9% á Norðurlandi eystra. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,8%. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi aukist enn í janúar og verði á bilinu 4,4% til 4,7%.

Greiddar voru 2.185 milljónir í atvinnuleysistryggingar í desember.

Í desember tóku 970 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 407 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fóru 550 einstaklingar af skrá í desembermánuði, þar af fóru 172 í vinnu eða um 31%.


Alls komu inn 68 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 20 störf.

Í desember gaf Vinnumálastofnun út 93 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 40 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 53 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2019 með samtals 163 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 784 í desember á vegum 20 starfsmannaleiga.

Alls var 3.461 erlendur ríkisborgari án atvinnu í lok desember eða um 40% allra atvinnulausra.

Skráð atvinnuleysi frá desember 2017 til desember 2019




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í desember og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í desember mældist eins og fyrr segir 4,3% og voru að jafnaði 8.019 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 402 á atvinnuleysissskrá frá nóvember. Alls voru í desember 3.173 fleiri á atvinnuleysissskrá en í desember 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi jókst alls staðar á landinu nema á Vestfjörðum þar sem það minnkaði lítilsháttar. Atvinnuleysi var langmest á Suðurnesjum í desember eða 8,7% og jókst um 0,3 prósentustig milli mánaða. Næstmest var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða 4,4% og 3,9% á Norðurlandi eystra.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,8%. Næstminnst atvinnuleysi á landinu var á Austurlandi í desember eða 2,4%. Á landsbyggðinni sem heild jókst atvinnuleysið um 0,3 prósentustig og var 4,3%.

Alls voru 4.606 karlar að jafnaði atvinnulausir í desember og 3.413 konur og var atvinnuleysi 4,4% meðal karla og jókst um 0,2 prósentustig og 4,2% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig frá nóvember.

Alls voru 1.010 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok desember í ár sem samsvarar um 3,8% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað um 404 frá desember 2018 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 606.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 1.648 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember en var 977 í desemberlok 2018. Hefur þeim því fjölgað um 671 milli ára. Hlutfall langtíma-atvinnulausra var 19% af öllum á atvinnuleysissskrá í desember 2019 eða svipað og í desember 2018.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

2.185 milljónir í desember

Par af voru:

1.997 milljónir vegna
hefðbundinna
atvinnuleysistrygginga.

59 milljónir vegna
barnadagpeninga.

129 milljónir vegna tekjutengdra
atvinnuleysistrygginga.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í desember 2019 frá desember 2018. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í flutningastarfsemi í mannvirkjagerð og í ýmsri sérfræðistarfsemi. Minnsta fjölgun atvinnulausra var í fræðslustarfsemi og sjávarútvegi og landbúnaði.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal iðnaðarmanna og meðal skrifstofufólks.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls var 3.461 erlendir ríkisborgari án atvinnu í lok desember eða um 40% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 9,9% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er mikil aukning frá því í desember 2018 þegar hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 35% allra atvinnulausra eða sem svaraði til um 5,7% atvinnuleysi.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok desember 2019



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 1.917, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í janúar aukist og verði á bilinu 4,4% til 4,7%.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 550 einstaklingar af skrá í desembermánuði, þar af fóru 172 í vinnu eða um 31%. Þá voru 266 (48%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok desember. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. var 21 einstaklingur afskráður þar sem þeir fóru í orlof, 17 einstaklingar fóru í fæðingarorlof og 16 einstaklingar voru afskráðir vegna þess að þeir fluttu úr landi.

Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í desember 2019



Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í desember, 56% voru karlar en 44% konur. Um 77% afskráðra eða

426 einstaklingar höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf tveggja árum og 13% (69) í 6 til 12 mánuði. Um 10% afskráðra (55) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 41% og um 26% voru 30-39 ára. Í aldurshópnum 40-49 ára voru 14% afskráðra en 19% voru 50 ára eða eldri.

Auglýst störf í vinnumiðlun í desember

Alls komu inn 68 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 20 störf. Þá voru auglýst 17 þjónustustörf og 13 stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 74%. Annað eru átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna, eða 26%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 22% á Suðurlandi og 16% á Austurlandi. Þá eru 36% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	13	19%
Þjónustustörf	17	25%
Afgreiðslustörf	2	3%
Iðnaðarmenn	8	12%
Verkafólk í þjónustu	8	12%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	20	29%
Samtals	68	100%


Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara tímabundið þá af skrá á meðan á úrræðinu stendur.

Í desember tóku 970 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 407 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúræði. Grunnúræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrágerð, mark-

miðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fór 221 einstaklingur á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig fóru einhverjir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 187 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 25 einstaklingar voru í atvinnutengdu úrræði eða endurhæfingarúræði.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í desember 2019




- Grunnúræði
- Námskeið
- Námskeið í framh.sk./háskóla
- Endurhæf. Ofi. Atvinnutengt
- Próun viðsk, hugm.
- Starfsþjálfun

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í desember unnu 29 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá var 101 einstaklingur í starfstengdum vinnumarkaðsúræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember voru gefin út 208 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 147 einstaklingar, 20 fóru til Litháen og níu til Lettlands. Þá voru gefin út 32 vottorð til viðbótar til 14 annarra ríkja. Í desember komu níu einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum. Árið 2019 voru gefin út 1.427 U2 vottorð sem er tæplega 130% aukning frá árinu 2018 þegar gefin voru út 630 U2 vottorð.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, desember 2019



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í desember voru gefin út 86 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (39), 14 vottorð voru gefin út til Póllands og átta til Slóvakíu. Þau sem eftir standa, eða 25 vottorð, voru gefin út til 10 annarra ríkja.


Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í desember gaf Vinnumálastofnun út 93 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 40 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 53 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember 2019



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu sérfræðileyfi eða 25 leyfi. Þá voru gefin út 16 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 19 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í desember voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 34%. Um 24% vegna þjónustustarfa og 18% vegna verkafólks. Um 24% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

85 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
21 fyrirtækis í desember

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnuáalastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2019 með samtals 163 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 784 í desember á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 55%, 23% voru frá Litháen og 13% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 9% starfsmanna, komu frá níu öðrum ríkjum.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjölum](#) og á [mælaborði](#) Vinnuáalastofnunar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöflur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuáalastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra